

**Nr. 143 / 11 Dettifoss**

***Skipverji slasast við fall***

*IMO.nr.* 9086801  
*Smíðaður:* Frederikshavn Danmark 1995, stál  
*Stærð:* 14.664 BT  
*Mesta lengd:* 165,60 m  
*Breidd:* 28,60 m *Dýpt:* 8,95 m  
*Vél:* MAN B&W 7S60MC 14.800 kW, 1995  
*Fjöldi skipverja:* 13



Dettifoss ©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Úrdráttur úr leiðarbók  
Slysaskrá frá skipi  
Gögn RNS

*Málið afgreitt á fundi 3. febrúar 2012 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Jóhanni Ársælssyni Pálma K. Jónssyni og Ólafi K. Ármannssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 8. ágúst 2011 var Dettifoss við bryggju í Rotterdam.

Skipverji sem var vinna við að taka á móti kosti féll um kassa og fann til eymsla í hægri öxl og hné.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.